

VIÐBURÐIR VETRARINS 2019-2020

Foreldrafélag Vatnsendaskóla verður með eftirfarandi viðburði þennan skólavetur.

Athugið að dagskráin er ekki tæmandi og getur tekið breytingum. Eflaust munu einhverjir viðburðir bæstast við á vorönn. Hver viðburður verður kynntur sérstaklega þegar nær dregur.

8. OKTÓBER – BEKKJARFULLTRÚAFUNDUR

Bekkjarfulltrúar hittust á fundi foreldrafélagsins í byrjun október þar sem hlutverk bekkjarfulltrúa voru rædd og skipst var á góðum hugmyndum.

31. OKTÓBER – HALLOWEEN BALL

Halloween ball fyrir miðstig skólans. Krakkarnir mæta uppáklædd í tilefni dagsins og skemmta sér. Kosið um besta búninginn. Viðburðurinn er í umsjá 10. bekkjar og haldinn í samvinnu við Dimmu.

FRÆÐSLUFUNDUR FYRIR FORELDRA

Foreldrafélag Vatnsendaskóla stendur fyrir fræðslufundi fyrir foreldra miðvikudaginn 13. nóvember kl. 17:30 undir yfirskriftinni: Æskan, kynlíf og samskipti - hvenær og hvernig á að ræða þessi mál?

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skólastjóri jafnréttismála hjá Reykjavíkurborg fjallar um kynheilbrigði ungs fólks og mikilvægi þessað efla jákvæða umræðu um kynlíf og heilbrigð samskipti. Rætt verður um mögulegar leiðir til að ræða þessi viðkvæmu mál við börn og unglinga.

4. FEBRÚAR – RAVE BALL

Diskótek fyrir miðstig í umsjá 10. bekkja og þeirra foreldra.

FEBRÚAR

Fræðslufundur fyrir foreldra.

23. MARS – SKÍÐADAGUR

Ætlunin er að fara í Bláfjöll og eiga góðan dag saman. Skíðadagurinn hefur verið haldinn tvisvar áður og er farinn að skapa sess í vetrarstarfi foreldrafélagsins. Eins og undanfarin ár verður rútuferð frá skólanum. Börn á yngsta stigi eru hjartanlega velkomin, en verða að vera í fylgd með fullorðnum.

1. APRÍL – PÁSKABINGÓ

Bingóið verður á sínum stað. Bingóið verður tvískipt; yngri árgangarnir fyrst og síðan þeir eldri. Umsjón er í höndum 10.bekkinga.

MAÍ – HJÓLADAGUR

Hjólað saman á skemmtilegan stað þar sem við munum grilla pylsur og eiga skemmtilega stund saman.

VORHÁTÍÐ

Á hverju ári fögnum við skólaslitum með því að blása til veglegrar vorhátíðar. Gert er ráð fyrir að vorhátíðin verði með svipuðu sniði og undanfarin ár.